



HRUNAMANNAHREPPUR

53. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR KJÖRTÍMABILIÐ 2022 – 2026

17. FUNDUR ÁRSINS

Árið 2024, þann 19. september kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14:00 í Ráðhúsi sveitarfélagsins.

Eftirtaldir sátu fundinn: Jón Bjarnason, Bjarney Vignisdóttir, Elvar Harðarson í forföllum Herberts Haukssonar, Daði Geir Samúelsson og Halldóra Hjörleifsdóttir í forföllum Alexöndru Rósar Jóhannesdóttur. Auk þeirra sat fundinn Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri, sem skráði fundargerð í tölvu.

Jón Bjarnason setti fund og stjórnaði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdu við fundarboð. Engar athugasemdir komu fram.

Hér var gengið til dagskrár:

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

1. Samráðshópur um málefni aldraðra: Fundargerð 6. fundar frá 20. ágúst 2024

Lögð fram fundargerð 6. fundar Samráðshóps um málefni aldraðra.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

2. Samráðshópur um málefni aldraðra: Árlegur fundur með sveitarstjórn frá 5. september 2024.

Lögð fram fundargerð árlegs fundar Samráðshóps um málefni aldraðra með sveitarstjórn.

Um leið og fundargerðin er lögð fram til kynningar þakkar sveitarstjórn afar ánægjulegan og gagnlegan fund með samráðshópnum og víesar fjárhagslegum ábendingum sem fram koma í fundargerðinni til gerðar fjárhagsáætlunar ársins 2025. Sveitarstjórn samþykkir jafnframt samhljóða hugmyndir hópsins um að tveir bekkir verði settir upp við Langholtsveg, annar við Markamýrklett og hinn við Mela að höfðu samráði við landeigendur og Vegagerðina.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnессýslu og Flóahrepps:

3. Fundargerð 287. fundar skipulagsnefndar frá 11. september 2024 og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 4. september sl.

Lögð fram fundargerð 287. fundar skipulagsnefndar og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 4. september sl.

Eftirfarandi mál afgreidd sérstaklega:

Mál nr. 22. Brúarhlöð: Uppbygging ferðamannaðstöðu; Deiliskipulag.

Lögð er fram tillaga nýs deiliskipulags sem tekur til lands Brúarhlaða L234128 eftir yfirferð Skipulagsstofnunar. Um er að ræða nýtt deiliskipulag fyrir uppbyggingu ferðamannaðstöðu. Skipulagið tekur til um 2,5 ha svæðis á austurbakka Hvítár við Brúarhlöð. Helstu markmið deiliskipulaggins eru að unnið sé heildarskipulag fyrir móttöku ferðamanna á svæðinu sem tekur til bílastæðis, göngustígs með áningarástöðum, útsýnispalla og þjónustuhúss þar sem verður m.a. veitinga- og snyrtiaðstaða. Settir eru fram byggingarskilmálar um uppbyggingu á svæðinu sem tekur tillit til sérstöðu svæðisins og náttúrufars. Með skipulaginu er dregið úr líkum á umhverfisspjöllum vegna ágangs gesta. Svæðið verði betur varið gagnvart á lagi á gróðurþekju og náttúru- og menningarminjar.

DAS

JB

BV

HAK

Með skilgreiningu umferðarleiða verði umferð gangandi fólks á öruggum og afmörkuðum göngustígum sem bjóða upp á gott aðgengi og fallegt útsýni yfir svæðið þar sem miðlað verður upplýsingum til gesta um sögu þess. Auk þess er gert ráð fyrir því að skipulagið stuðli að því að gestir geti notið kyrrðar og áhrifa svæðisins. Sérstök áhersla verður á að mannvirki falli vel að landslagi og ásýnd svæðisins. Athugasemdir voru gerðar við gildistöku tillögunnar að hálfu Skipulagsstofnunar og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins ásamt samantekt athugasemda og viðbragða.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að samþykkja framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu og afgreiðslu Skipulagsstofnunar. Nefndin telur að brugðist hafi verið við umsögn Skipulagsstofnunar sem barst vegna málsins með fullnægjandi hætti innan samantektar á athugasemdum og viðbrögðum sem lögð eru fram við afgreiðslu málsins. Nefndin mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda. Gögnin verði send Skipulagsstofnun til varðveislu í samræmi við 42. gr. skipulagsлага nr. 123/2010.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu og afgreiðslu Skipulagsstofnunar. Sveitarstjórn telur að brugðist hafi verið við umsögn Skipulagsstofnunar sem barst vegna málsins með fullnægjandi hætti innan samantektar á athugasemdum og viðbrögðum sem lögð eru fram við afgreiðslu málsins. Sveitarstjórn mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda. Gögnin verði send Skipulagsstofnun til varðveislu í samræmi við 42. gr. skipulagsлага nr. 123/2010.

Mál nr. 23. Hlíð spilda: Frístundasvæði; Endurskoðað deiliskipulag.

Lögð er fram að nýju tillaga deiliskipulags vegna Hlíðar spíldu 1 L221538. Deiliskipulagið tekur til skiptingu landsins, skilgreiningu byggingarreita og byggingarheimilda innan svæðisins. Við gildistöku skipulagsins fellur núverandi deiliskipulag svæðisins úr gildi. Tillagan byggir á deiliskipulagi fyrir svæðið sem samþykkt var árið 2000 en tók ekki í gildi með birtingu í B-deild Stjórnartíðinda. Afgreiðslu tillögunnar var frestað eftir auglýsingu en er nú tekin fyrir að nýju með uppfærðum gögnum.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að deiliskipulagið verði samþykkt og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagsлага nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur liggi fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins. Að mati skipulagsnefndar hefur verið brugðist við fyrri bókun nefndarinnar vegna málsins með fullnægjandi hætti innan framlagðra gagna.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir deiliskipulagið og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagsлага nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur liggi fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins. Að mati sveitarstjórnar hefur verið brugðist við fyrri bókun nefndarinnar vegna málsins með fullnægjandi hætti innan framlagðra gagna.

Mál nr. 24. Efra-Sel golfvöllur: Breyttur byggingarreitur og hótell; Aðalskipulagsbreyting.

Lögð er fram tillaga aðalskipulagsbreytingar sem tekur til Efra-Sels í Hrunamannahreppi. Viðfangsefni aðalskipulagsbreytingarinnar er að fjölga herbergjum hótels/gistiheimilis á reit Vþ5. Aðalskipulagsbreytingin er forsenda fyrir breytingu á gildandi deiliskipulagi verslunar- og þjónustusvæðis við Efra-Sel. Innan gildandi aðalskipulags Hrunamannahrepps er gert ráð fyrir allt að 80 gistirúnum á allt að 5 ha svæði. Eftir breytingu verður gert ráð fyrir allt að 170 gistirúnum og allt að 5 ha svæði. Athugasemdir bárust á kynningartíma skipulagslýsingar og eru þær lagðar fram við afgreiðslu tillögunnar ásamt samantekt skipulagsráðgjafa við umsögnum og athugasemdum sem bárust vegna kynningar á skipulagslýsingu.

E/S

DAS

SB

BV

AS

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að samþykkja tillögu aðalskipulagsbreytingar til kynningar og umsagnar í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Að mati skipulagsnefndar fjalla framlagðar athugasemdir málsins að mestu um útfærslu skipulagsbreytinga á stigi deiliskipulagsáætlunar og er ekki talin ástæða til að taka afstöðu til þeirra á þessu stigi málsins. Að mati nefndarinnar eru forsendur fyrir auknum heimildum innan aðalskipulags varðandi gestafjölda innan verslunar- og þjónustusvæðis m.t.t. staðsetningar hótelsins, nálægð við þéttbýlið á Flúðum og nálægð við afþreyingu. Nánari útfærsla sem tekur m.a. til fjölda gesta, aðkomu og bílastæða á svæðinu verði útfærð nánar í deiliskipulagi svæðisins.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir tillögu aðalskipulagsbreytingar til kynningar og umsagnar í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Að mati sveitarstjórnar fjalla framlagðar athugasemdir málsin að mestu um útfærslu skipulagsbreytinga á stigi deiliskipulagsáætlunar og er ekki talin ástæða til að taka afstöðu til þeirra á þessu stigi málsins. Að mati sveitarstjórnar eru forsendur fyrir auknum heimildum innan aðalskipulags varðandi gestafjölda innan verslunar- og þjónustusvæðis m.t.t. staðsetningar hótelsins, nálægð við þéttbýlið á Flúðum og nálægð við afþreyingu. Nánari útfærsla sem tekur m.a. til fjölda gesta, aðkomu og bílastæða á svæðinu verði útfærð nánar í deiliskipulagi svæðisins.

Mál nr. 25. Móakot 2: Fækkun lóða; Deiliskipulagsbreyting.

Lögð er fram umsókn um óverulega breytingu á deiliskipulagi sem tekur til frístundalóða Móakots 2-4. Í breytingunni felst fækkun lóða úr þremur í tvær auk þess sem byggingarmagn innan lóðanna eykst úr 90 fm í 150 fm.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að samþykkja framlagða breytingu á deiliskipulagi svæðisins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir framlagða breytingu á deiliskipulagi svæðisins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi.

Mál nr. 26. Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 4. september sl.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 4. september sl.

4. Oddvitaneftnd Uppsveita Ánessýslu: Fundargerð 8. fundar frá 3. september 2024.

- Ásamt drögum að samningi um umsjón jarðarinnar Laugarás.

Lögð fram fundargerð 8. fundar Oddvitaneftndar Uppsveita Ánessýslu ásamt drögum að samningi um umsjón jarðarinnar Laugarás. Liðir 1 og 2 afgreiddir sérstaklega.

Liður 1, drög að samningi við ÍBU; sveitarstjórn samþykkir samhljóða tillögu oddvitaneftndar um að sveitarstjórum aðildarsveitarfélaganna verði falið að klára samninga við ÍBU fyrir fjárhagsáætlunarvinnu ársins.

Liður 2, drög að samningi um umsjón jarðarinnar Laugaráss; sveitarstjórn samþykkir samninginn samhljóða fyrir sitt leytí og felur sveitarstjóra að undirrita samninginn. Jafnframt vill sveitarstjórn áréttu fyrri umræðu í oddvitaneftnd um mögulega sölu á jörðinni og felur oddvita að fylgja því máli eftir.

R.H

DGS

SS

BV

JH

5. Skóla- og velferðarþjónusta Árnesþings: Fundargerð stjórnar frá 10. september sl.

Lögð fram fundargerð stjórnar Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

6. **Héraðsnefnd Árnesþings bs.: Fundargerð 21. fundar framkvæmdastj. frá 3.9.sl.**
Lögð fram fundargerð 21. fundar framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Árnesþings bs.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

7. **Héraðsnefnd Árnesþings bs.: Fundargerð 22. fundar framkvæmdastj. frá 10.9.sl.**
Lögð fram fundargerð 22. fundar framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Árnesþings bs.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

8. **Framkvæmdaráð Almannavarna Árnessýslu: Fundargerð 6. fundar frá 28.8. sl.**
Lögð fram fundargerð 6. fundar Framkvæmdaráðs Almannavarna Árnessýslu.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

9. **Bergrisinn bs.: Fundargerð 76. stjórnarfundar frá 9. september sl.**
Lögð fram fundargerð 76. stjórnarfundar Bergrisans bs.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

10. **Arnardrangur hses.: Fundargerð ársfundar frá 29. ágúst sl.**
- **Ásamt skýrslu stjórnar.**
Lögð fram fundargerð ársfundar Arnardrangs hses. ásamt skýrslu stjórnar.

Fundargerðin ásamt skýrslu stjórnar lögð fram til kynningar

11. **Arnardrangur hses.: Fundargerð 16. stjórnarfundar frá 9. september sl.**
Lögð fram fundargerð 16. stjórnarfundar Arnardrangs hses.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

12. **Markaðsstofa Suðurlands: Fundargerð 3. stjórnarfundar frá 2. september sl.**
Lögð fram fundargerð 3. stjórnarfundar Markaðsstofu Suðurlands.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Erindi til sveitarstjórnar:

13. **Bréf frá SASS frá 6. september 2024.**

Lagt fram bréf frá SASS þar sem boðið er upp á þátttöku í verkefni sem miðar að því aðstoða sveitarfélögum á Suðurlandi við að móta og innleiða móttökuáætlunar fyrir nýja íbúa, sem stuðla að aukinni inngildingu íbúa og efla jákvæða byggðarþróun.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að tilnefna Línu Björgu Tryggvadóttur sem tengilið sveitarfélagsins við verkefnið.

14. **Bréf frá Brunavörnum Árnessýslu frá 28. ágúst 2024.**

Lagt fram bréf frá Brunavörnum Árnessýslu þar sem stjórn Brunavarma Árnessýslu svarar erindi frá sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps varðandi kostnaðarskiptingu aðildarsveitarfélaganna.

[Signature]

DGS
BS

BV

[Signature]

Bréfið og meðfylgjandi upplýsingar eru lagðar fram til kynningar um leið og sveitarstjórn bakkar greinargóðar upplýsingar um viðamikið og gott starf Brunavarna Árnessýslu.

15. Bréf frá Tónlistardeild Þingeyjarskóla frá 9. september 2024.

Lagt fram bréf frá Tónlistardeild Þingeyjarskóla vegna umsóknar um söngnám.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að verða við erindinu og felur sveitarstjóra að sækja um framlag úr Jöfnunarsjóði vegna hluta bessa kostnaðar í samræmi við samkomulag ríkis og sveitarfélaga um jöfnun á aðstöðumun nemenda vegna tónlistarnáms. Kostnaður rúmast innan gildandi fjárhagsáætlunar.

16. Erindi frá Landslagi ehf. frá 17. september 2024.

Lagt fram erindi frá Landslagi ehf. vegna breytingar á aðalskipulagi en óskað er eftir breytingu á aðalskipulagi þannig að heimiluð verði íbúðabyggð í dreifbýli.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fela skipulagsfulltrúa ásamt sveitarstjóra að vinna tillögu að breytingu á aðalskipulagi Hrunamannahrepps sem heimili íbúðabyggð utan þéttbýlis Flúða en þó með þeim margvíslegu ákvæðum sem rædd voru af sveitarstjórn. Um leið leggur sveitarstjórn ríka áherslu á að um leið verði leitast við að halda í staðaranda sveitarfélagsins og það yfirbragð byggðar sem einkennir Hrunamannahrepp. Tillagan verði lögð fyrir sveitarstjórn til umræðu og afgreiðslu.

17. Bréf frá Jónasi Yngva Ásgrímssyni frá 9. september 2024.

Lagt fram bréf frá Jónasi Yngva Ásgrímssyni með styrkbeiðni vegna hlaðvarpsins Uppsveitakastið. Markmiðið með hlaðvarpinu er að gera sameiginlegan vettvang fyrir íbúa uppsveita Árnessýslu þar sem hægt er að kynna menn og málefni sem varða þessi fjögur sveitarfélög sem saman mynda uppsveitirnar.

Um leið og sveitarstjórn þakkar fyrir frumkvæðið að Uppsveitakastinu er samhljóða samþykkt að kaupa auglýsingu í Uppsveitakastinu fyrir kr. 70.000,- enda verði sveitarfélagsins getið í upphafi hvers þáttar.

Fjárhagsleg málefni:

18. Drög að samkomulagi um lóðir við Vesturbrún við Synergía ehf.

Lögð fram drög að samkomulagi um úthlutun lóða við Vesturbrún til Synergíu ehf. Á fundinn mættu Ásgeir Örn Hlöðversson og Steinar Páll Magnússon frá Synergíu ehf og gerðu þeir grein fyrir áformum félagsins.

Sveitarstjórn samþykkir samninginn samhljóða með þeim breytingum sem ræddar voru á fundinum. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að undirrita samninginn og vinna að framgangi verkefnisins í samvinnu við bréfritara.

Mál til kynningar:

19. Fundargerð framhaldsaðalfundar Hótelss Flúða ehf.

Lagt fram til kynningar.

20. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 951. fundar stjórnar frá 30.8.2024.

Lagt fram til kynningar.

21. Samtök orkusveitarfélaga: Fundargerð 74. fundar stjórnar frá 16. ágúst 2024.

Lagt fram til kynningar.

EH

DAS

SD

BV

AD


22. Samtök orkusveitarfélaga: Fundargerð 75. fundar stjórnar frá 6. september 2024.

Lagt fram til kynningar en Jón Bjarnason, oddviti, verður fulltrúi sveitarfélagsins á aðalfundi félagsins og sveitarstjóri varamaður hans.

23. Minnisblað frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga - Samantekt á fjárhagslegri stöðu sveitarfélaga – ársreikningar 2023.

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 17:19.



Bjarni Vigurisdóttir
Halldóra Hjörleifsdóttir
Dóði Geir Samuelsson
Einar Hardarson
Máli flappheimi